

12. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

29. október 2018, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:45

Mætt eru: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Una Hildardóttir (UH), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir, Páll Marís Pálsson (PMP) og Inger Erla Thomsen (IET), ásamt Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Fundur settur 18:45

Fundarstjóri: LMJ

Dagskrá:

1. Fundargerðir til samþykktar:

- [Fundargerð](#) 11. Stjórnarfundar var samþykkt.
- [Fundargerð](#) 2. Fulltrúaráðsfundar var samþykkt.

2. Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:

- TI fer í stutt frí erlendis, fer beint á Nordbuk fund í Kaupmannahöfn 6. nóv og kemur aftur til vinnu 8. nóv.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur óskað eftir fundi með LUF, UU og SÍF vegna formenskukverkefnis Nordbuk. Ákveðið var að LMJ sitji fundinn ástamt TI.

3. Húsnæðismál: TI fundaði í dag með stjórnendum Hins hússins og tók við uppsögn á leigusamningi vegna flutninga. Uppsögn tekur gildi 1. febrúar 2019. LUF er boðið að flytja með HH á Rafstöðvarveg, TI hefur skoðað húsnæðið og upplýsti stjórn um galla þess og kosti. Um húsnæðismál LUF tekur stjórn eftirfarandi ákvarðanir:

- Að málið verði sett á dagskrá 3. fulltrúaráðsfundar og tekið verði tillit til þess samráðs við endanlega ákvörðun stjórnar.
- Stjórn mun óska eftir að fá að skoða húsnæðið áður en endanlega ákvörðun er tekin. Vonir eru bundnar um að stjórn LUF skoði húsnæðið með öðrum leigutökum hjá HH sem eiga aðild að LUF, s.s. SÍF, UU, SÍNE og AUS. En einnig að fundað verði með þeim aðilum um næstu skref þar sem það skiptir máli fyrir LUF að eiga höfuðstöðvar í kjarna með aðildarfélagunum.
- LUF mun óska eftir að sjá samninginn áður en endanlega ákvörðun er tekin.
- Stjórn er opin fyrir öðrum möguleikum.

4. Kærumálið: Ákveðið var að fresta málinu fram yfir hátíðirnar, en stefnt er að því að ljúka því á síðasta fulltrúaráðsfundi í janúar.

5. Leiðtogaskólinn: heppnaðist einstaklega vel og fékk mjög góða endurgjöf frá þátttakendum. TI upplýsti stjórn um sundurliðanir kostnaðar og ákveðið var að miða við að skólinn verði haldinn sömu helgar í október ár hver.

6. Alþjóðamál:

- RKF fer á YFJ GA í Serbíu.
- Alþjóðanefnd LUF: rætt var um markmið 20. í framkvæmdaráætlun og næstu skref þess. RKF lagði til að setja verklags- og vinnureglur fyrir alþjóðanefndina sem færu fyrir sambandsþing og var sú tillaga samþykkt.

7. Alþingismál:

- a. Þann 23. október fékk LUF [drög að frumvarpi laga um samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs](#) og rannur frestur til umsagnar út í dag. Stjórn LUF þykir miður að ekki náðist að veita málinu umsögn vegna anna í tengslum við leiðtogaskólann. Ákvað stjórn að veita málinu umsögn þegar frumvarpið er tilbúið. Mikilvægt er að kanna hve miklir fjármunir fara í málið og hvort það muni bitna á almennu hagsmunastarfi ungs fólks - þar sem frumvarpið tekur aðallega til íþróttahreyfingarinnar, sem þegar fær umtalsverðar fjárhæðir.
 - b. PMP og TI var falið að útbúa drög að umsögn LUF um [tillögu til þingsályktunar um dag nýrra kjósenda](#) sbr. ákvörðun stjórnar í lið 5.b. á 11. fundi 20. september. Í því samhengi fjallaði stjórn um þær hugmyndir að verkefnum sem aðildarfélög LUF standi til að skipuleggja, verkefni sem stuðla að sama markmiði og tillagan. LUF mun fremur styðja hugmyndir sem koma frá ungu fólki með því að tala fyrir fjármögnun þeirra.
 - c. PMP og UH var falið að útbúa drög að umsögn LUF um [frumvarp til laga um breytingu á þingsköp Alþingis \(ávarp á þingfundum\)](#).
- 8. 3. fulltrúaráðsfundur 12. nóvember:** Teknar voru ákvarðandir um dagskrá fundar og TI var falið að senda út fundarboð.

IET vikur af fundi 19:55

9. Næstu stjórnarfundir: 12., 19., og 26. nóvember.

- a. Ákveðið var að drög að ályktun um sjálfstæði ungs fólks verði tilbúin fyrir síðasta fund ársins.

10. Önnur mál:

- a. Beiðni frá alþjóðafulltrúa: RKF óskar eftir lausn frá störfum til 5. janúar vegna náms og var sú beiðni samþykkt. Ákveðið var að UH taki við skyldum alþjóðafulltrúa á meðan.
- b. Tilkynning frá gjaldkera: MÖÓ hefur lokið við að rukka félagsgjöld.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 20:22

UH ritaði fundargerð.